



Alþingi
Erindi nr. P 138/2336
komudagur 17.5.2010
Akureyri, 15. maí, 2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**Umsögn um frumvarp að breytingu á lögum um opinbera háskóla
(almenningsfræðsla).**

579. mál, löggjafarþing 2009-2010, þskj. 870.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. 1. tölul. 2. mgr. orðast svo: *Tveir fulltrúar háskólasamfélagsins tilnefndir af háskólafundi.*
- b. 3. tölul. 2. mgr. orðast svo: *Einn fulltrúi tilnefndur af ráðherra.*
- c. *Í stað orðsins „Tveir“ í 1. tölul. 3. mgr. kemur: Þrír.*
- d. 3. tölul. 3. mgr. orðast svo: *Tveir fulltrúar tilnefndir af ráðherra.*
- e. *Í stað orðsins „Tveir“ í 4. tölul. 3. mgr. kemur: Þrír.*
- f. *Í stað orðanna „Tveir fulltrúar skv. 4. tölul. 2. mgr. og 4. tölul. 3. mgr.“ í 1. málsli. 5. mgr. kemur: Tveir fulltrúar skv. 4. tölul. 2. mgr., þrír fulltrúar skv. 4. tölul. 3. mgr.“*

Athugasemdir varðandi 4.gr.

Félag stúdentanna við Háskólann á Akureyri (FSHA) fagnar því að fulltrúum háskólasamfélagsins skuli fjölgað og fulltrúum tilnefndum af ráðherra sé fækkað. Þar sem kom fram í umsögn FSHA þegar verið var að gera heildarlög um opinbera háskóla lýsti áhyggjum sínum yfir því að svo margir fulltrúar utan skólasamfélagsins skyldu sita í háskólaráði. Teljum við því að verið sé að koma til móts við okkar hugmyndir í þeim efnum.

Samantekt:

FSHA telur það jákvætt að háskólasamfélaginu skuli vera veitt meira sjálfstæði og vísar því til umsagnar sinnar þegar heildarlög voru tekin fyrir 2008.

FSHA fagnar því breytingu á 6.gr. laganna. FSHA veitir frumvarpinu jákvæða umsögn.

f.h. félags stúdentanna við Háskólann á Akureyri.

Jóhanna Guðrún Snæfeld Magnúsdóttir, formaður.



Alþingi
Erindi nr. P 138/2389
komudagur 18.5.2010

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. maí 2010
Tilvísun: HII0050011/0.3

Efni: Frumvarp til laga um opinbera háskóla, þingskjal 970 - 579. mál.

Háskóla Íslands hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar og fylgja hér með athugasemdir við það.

Lög þau sem hér eru lagðar til breytingar á voru sett vorið 2008. Eins og fram kom í umsögn Háskóla Íslands um frumvarpið sem varð að lögum nr. 85/2008 voru gerðar viðamiklar breytingar á skipulagi og stjórnkerfi háskólans í aðdraganda þeirrar lagasetningar sem fengu stoð í lögum við afgreiðslu frumvarpsins. Endurskoðun skipulagsins var til lykta leidd af hálfu Háskóla Íslands með lokatillögum um endurskoðað skipulag og stjórnkerfi háskólans sem samþykktar voru á háskólafundi 19. október 2007, í háskólaráði 23. október 2007 og 17. janúar 2008. Afstaða háskólans gagnvart efnisatriðum þess frumvarps lá þannig fyrir í öllum meginatriðum er frumvarpið kom fram. Háskólinn hafði þá á undangengnum fáum árum gengist undir nokkrar ytri úttektir sem ýmist tóku til háskólans í heild eða einstakra deilda hans. Allar þessar úttektir staðfestu mjög sterka stöðu háskólans sem kennslu- og rannsóknastofnunar og reyndust gagnlegar við endurskoðun skipulags og stjórnkerfis. Þær hafa enn fremur nýst vel í starfi skólans og renndu stoðum undir stefnu Háskóla Íslands 2006-2011 sem samþykkt var á háskólafundi 5. maí 2006 og staðfest af háskólaráði 11. maí 2006. Þar voru sett 102 mælanleg áfangamarkmið og hefur flestum þeirra verið náð. Nú er hafinn undirbúningur að næsta áfanga stefnunnar til ársins 2016.

Endurskoðun skipulags og stjórnkerfis var eitt af þeim markmiðum sem sett voru í stefnunni 2006-2011 og var unnið að henni í nánú samráði við deildir, stjórnslu og háskólasamfélagið allt. Vegarnestið voru fyrrnefndar úttektir og jafnframt var horft til þróunar á umhverfi, starfsemi og skipulagi háskóla austan hafs og vestan.

Í kjölfar stefnumörkunar Háskóla Íslands vorið 2006 var, hinn 11. janúar 2007, undirritaður samningur á milli menntamálaráðuneytisins og háskólans um kennslu og rannsóknir sem gildir til ársloka 2011. Sameiginleg markmið samningsaðila eru að tryggja gæði kennslu og rannsókna við Háskóla Íslands, stuðla að metnaðarfullri framþróun í starfsemi skólans á samningstímanum og að skapa forsendur fyrir því að háskólinn öðlist viðurkenningu sem háskóli í fremstu röð í heiminum. Í samningnum kemur fram að háskólinn muni aðlaga starfsemi sína nýjum lögum um háskóla á samningstímanum, m.a. að afla viðurkenningar á þeim fræðasviðum sem skólinn starfar á, skv. lögum um háskóla nr. 63/2006. Þeirri vinnu lauk árið 2009, en vegna efnahagsástandsins frá haustinu 2008 hafa stjórnvöld frestað framkvæmd samningsins og frá þeim tíma hefur ekkert viðbótarfé skv. ákvæðum samningsins verið veitt til Háskóla Íslands.

Nauðsynlegt er að rifja þetta upp þar sem frumvarpið (sem varð að lögum nr. 85/2008) kom í mörgum greinum til móts við sjónarmið háskólans og gerði breytingarnar á skipulagi og stjórnkerfi mögulegar. Á því var á hinn bóginn ein mikilvæg undantekning sem varðar skipan háskólaráðs. Afstaða til þess

efnisatriðis hefur ekki breyst þótt núverandi háskólaráð sé samsett með öðrum hætti en háskólinn lagði til, enda var grundvöllur afstöðu háskólans í umsögn um frumvarp það sem varð að lögum nr. 85/2008 framangreind samþykkt háskólafundar og háskólaráðs, sem var niðurstaða ítarlegra úttekta á starfsemi og skipulagi háskólans frá mörgum sjónarhornum, umræðu og umfjöllunar innan háskólasamfélagsins um einstaka þætti. Þótt samsetning ráðsins skv. gildandi lögum hafi gefist mjög vel, þykir núverandi háskólaráði eigi að síður mikilvægt að virða og styðja þau sjónarmið um skipan ráðsins sem háskólasamfélagið í heild kom sér saman á háskólaárinu 2007-2008. Í frumvarpinu sem nú liggur fyrir er að hluta til komið til móts við þau. Vísað er til umfjöllunar um þessi sjónarmið í umsögn háskólans um frumvarp það sem varð að lögum nr. 85/2008 og samþykkt var í háskólaráði 8. maí 2008.

Athugasemdir við einstakar greinar og efnisatriði

Ekki eru gerðar athugasemdir við 1. og 2. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr. Hlutverk.

Í frumvarpinu er lagt til að í 1. mgr. 3. gr. laganna verði felldar út setningar um að háskóli sé miðstöð þekkingar og hluti af alþjóðlegu mennta- og vísindasamfélagi – og að menntun sem háskólar veiti taki mið af þörfum samfélagsins og geti í senn verið fræðilegs eðlis og starfsmiðuð. Vandséð er hvers vegna lagt er til að þessar setningar falli út, þótt ekki séu gerðar athugasemdir við það, enda um að ræða staðhæfingar um viðtekin sjónarmið um hlutverk háskóla í lýðræðisríkjum, sem gera verður ráð fyrir að gengið sé út frá.

Í 1. mgr. 3. gr. laganna eru síðan lagðar til tvær efnisbreytingar á orðalagi um hlutverk háskóla. Annars vegar er bætt við ákvæði í 2. ml. um það hlutverk háskóla að miðla fræðslu til almennings og veita þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar. Slikt ákvæði er ekki í gildandi 3. gr., en var í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands. Þessi breyting er í samræmi við sjónarmið sem háskólinn setti fram vorið 2008. Hins vegar er bætt inn í 3. ml. ákvæði um að endurmenntun skuli einungis vera fyrir þá sem lokið hafa háskólaprófi, sbr. einnig tillögu að grein 23. a. Þessa skilgreiningu á hugtakinu endurmenntun telur háskólinn of þrönga, sbr. umfjöllun um 11. gr. frumvarpsins. Þetta merkir að háskólanum yrði ekki heimilt að bjóða endurmenntun í grunnnámi (BA/BS) gegn gjaldi. Jafnframt myndi þetta að óbreyttu þrængja heimildir Endurmenntunarstofnunar HÍ til að bjóða fólki sem ekki er háskólamenntað lengra nám samhliða starfi, sem ekki er reglubundið nám á vegum háskóladeilda til prófgráðu. Leggur háskólinn því til eftirfarandi breytingar á 3. gr:

3. gr. frumvarpsins orðist svo: „Háskóla er heimilt að veita endurmenntun í þeim fræðum sem stunduð eru innan hans.“

Verður nánar að þessu vikið í umfjöllun um 23. gr. a.

Um 4. gr. Fulltrúar í háskólaráði.

Í frumvarpinu er lagt til að sú breyting verði gerð á 6. gr. laganna að fulltrúum ráðherra í háskólaráði verði fækkað úr fjórum í tvo og á móti verði fulltrúum háskólasamfélagsins fjölgað um einn (úr tveimur í þrjá) og ráðið tilnefni til viðbótar þrjá fulltrúa í stað tveggja. Með þessum breytingartillögum er komið að nokkru til móts við þau sjónarmið sem háskólinn setti fram í umsögn um frumvarp það sem varð að lögum nr. 85/2008 og samþykkt var í háskólaráði 8. maí 2008.

Ekki eru gerðar athugasemdir við 5. gr. frumvarpsins.

Um 6 gr. Háskólafundur.

Með þessari breytingartillögu á 9. gr. laganna, um að hlutverk háskólafundar (háskólapings) verði að móta sameiginlega vísinda- og menntastefnu háskóla, er orðið við tillögu sem háskólinn setti fram í umsögn sinni um frumvarp það sem varð að lögum nr. 85/2008.

Um 7 gr. Fulltrúar á háskólafundi.

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting á lokamálslið 2. mgr. 10. gr. laganna að lengja kjörtímabil nemenda úr einu ári í tvö. Ekki er gerð athugasemd við það.

Um 8. gr. Skólaráð.

Í frumvarpinu er lagt til að við 1. mgr. 13. gr. bætist „Háskólaráði er heimilt að ákveða að í skólaráði sitji einnig fulltrúar tiltekinnar kennslugreina sem saman mynda deild. Enn fremur er háskólaráði heimilt að ákveða að í skólaráði sitji fulltrúi opinberrar stofnunar sem er í mjög nánu samstarfi um kennslu og þjálfun nemenda.“

Þessi breytingartillaga og skýring með henni er til komin fyrir ábendingu háskólans og er eindregið mælt með því að hún nái fram að ganga.

Um 9. gr. Veiting starfa.

Tillagan að breytingu á 1. mgr. 17. gr. laganna og skýring með henni er í samræmi við sjónarmið háskólans sem sett voru fram í umsögn um frumvarp það sem varð að lögum um opinbera háskóla vorið 2008. Tekin eru öll tvímæli af því að það er rektor sem veitir ótímabundin akademísk störf og framgang. Mikilvægt er að þetta sé skýrt.

Um 10. gr. Próf og prófhald.

Tillagan að breytingu á 2. mgr. 21. gr. laganna og skýring með henni er í samræmi við sjónarmið háskólans. Eins og 21. gr. er nú segir í 2. mgr. að sameiginleg stjórnsýsla hvers skóla annist skipulag og framkvæmd prófa. Háskólinn bendir á að nauðsynlegt er að í 2. mgr. komi orðið „háskóla“ í stað orðsins „skóla“. Bent var á þetta í umsögn háskólans um frumvarp það sem varð að lögum nr. 85/2008, en af einhverjum ástæðum var ekki tekið tillit til þess. Þetta kann að láta lítið yfir sér en skiptir miklu máli og getur unnið gegn þverfræðilegri samvinnu og möguleikum nemenda til að stunda nám í fleiri en einum skóla og deildum sama háskóla. Auk þess sem sjónarmið um hagræðingu, öryggi, nýtingu húsnæðis og búnaðar vega þungt. Óskað er eftir því að breytingartillaga verði samþykkt.

Um 11. gr. Endurmenntun.

Í frumvarpinu er lagt til að ný grein, 23. gr. a Endurmenntun, bætist við lögin.

Í ákvæðinu er fjallað um endurmenntun og skilgreint nánar hvað í því hugtaki felst skv. frumvarpinu. Kveðið er á um að endurmenntun gegn gjaldi skuli einungis heimil vegna námskeiða fyrir háskólamenntað fólk á fagsviði þess og vegna viðbótarnáms fyrir háskólamenntað fólk á þverfaglegum grunni sem miðar að skilgreindum námslokum eða prófgráðu. Í þessari umsögn er sá skilningur lagður í orðfærið námskeið fyrir háskólamenntað fólk á fagsviði þess að um geti verið að ræða stök námskeið sem einstakar háskóladeildir bera faglega ábyrgð á og geti eftir atvikum verið metin sem hluti af námi til prófgráðu við viðkomandi deild. Í athugasemdum frumvarpsins kemur hins vegar fram að við skilgreiningu hugtaksins hafi einkum verið horft til hlutverks Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands eins og það er skilgreint í reglum nr. 844/2001, um Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Í 3. gr. reglnanna segir að stofnuninni sé ætlað að halda námskeið fyrir háskólamenntað fólk á fagsviði þess, halda námskeið fyrir sama hóp á þverfaglegum grunni og bjóða upp á lengra nám sem stundað er samhliða starfi. Lengra nám samhliða starfi sem Endurmenntunarstofnun stendur fyrir er ekki einvörðungu fyrir háskólamenntað fólk. Samkvæmt skilgreiningum 3. gr. og 23. gr. a. er hins vegar einungis gert ráð fyrir að endurmenntun standi háskólamenntuðu fólki til boða. Skilgreining frumvarpsins er því þrengri en athugasemdir þess gefa til kynna. Að mati háskólans er nauðsynlegt að skýrt komi fram að háskólanum sé heimilt að bjóða fólki sem ekki er háskólamenntað lengra nám samhliða starfi sem ekki er reglubundið nám á vegum háskóladeilda til prófgráðu. Leggur háskólinn því til eftirfarandi breytingar á 3. gr. (sbr. einnig hér að framan) og 23. gr. a:

3. gr. frumvarpsins orðist svo: „Háskóla er heimilt að veita endurmenntun í þeim fræðum sem stundað eru innan hans.“

Við 23. gr. a. bætist nýr stafliður svohljóðandi: „c. Lengra nám samhliða starfi sem ekki er reglubundið nám háskólans til prófgráðu skv. 22. gr.“

Ef frumvarpið verður samþykkt óbreytt er fyrirséð að það mun takmarka möguleika Háskóla Íslands til að mæta óskum almennings og atvinnulífs um nám á grunnstigi samhliða starfi, þar sem heimild til gjaldtöku fyrir kostnaði vegna slíkrar endurmenntunar er þrengd og ekki gert ráð fyrir viðbótarfjárveitingum úr ríkissjóði til að mæta þessum tekjumissi. Fólk sem komið er yfir venjulegan aldur háskólanema mun þá ekki geta stundað háskólanám samhliða vinnu á fyrsta stigi háskólanáms, eins og þessi hópur hefur átt kost á í nærri þrjá áratugi. Nám í viðskiptafræði til BS prófs samhliða starfi sem yfir eitt hundrað nemendur stunda nú mun að öllum líkindum verða lagt niður og háskólar sem falla ekki undir lög um opinbera háskóla munu einir vera í aðstöðu til að þjóna þessum hópi.

Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands í samvinnu við kennara Viðskiptafræðideildar hefur í meira en aldarfjórðung staðið fyrir námskeiðum á fræðasviði viðskipta undir formerkjum endurmenntunar. Frá hausti 2008 hefur nemendum einnig staðið til boða að ljúka námi í viðskiptafræði til BS prófs samhliða vinnu (BSV nám). Í því námi eru nú um 100 nemendur sem fyrir greinir og sýna kannanir deildarinnar að nemendur eru mjög ánægðir með þennan valkost og hefur endurmenntunarnámið opnað mörgum leið inn í háskólanám.

Hugtakið endurmenntun, þ.m.t. símenntun, merkir oftast nám fyrir nemendur sem eru komnir yfir hefðbundinn aldur háskólanema - um og yfir 30 ára - og er yfirleitt skipulagt sem nám með vinnu, auk þess sem endurmenntunarnámskeið eru fyrir þá sem lokið hafa háskólaprófi.

Skilgreiningin á endurmenntun sem til er lögð í frumvarpinu er ekki í samræmi við þá hefð sem skapast hefur á Íslandi og í nágrannaríkjum. Stefnumörkun sem í þessari skilgreiningu felst er þannig ekki í takt við þarfir atvinnulífsins, ekki í samræmi við þarfir nemenda og svarar ekki kalli samfélagsins um sifelld meiri menntun almennings og mikilvægi símenntunar. Verði frumvarpið að lögum í óbreyttri mynd mun stór hluti endurmenntunar á vegum Háskóla Íslands leggjast af, þar sem háskólanum verður ekki heimilt að innheimta námskeiðsgjöld fyrir slíkt nám.

Í dag er kennsla í endurmenntun á vegum deilda ekki hluti af starfsskyldum fastra kennara við kennslu, rannsóknir og stjórnun. Endurmenntun á vegum Viðskiptafræðideildar, sem Viðskiptafræðistofnun annast umsýslu með, nýtur engra fjárframlaga úr ríkissjóði og eru námskeiðsgjöld einu tekjunnar sem standa þurfa undir öllum kostnaði, þ.m.t. talið aðstöðu og greiðslu til kennara.

Þótt til þess komi að Háskóli Íslands fái aukin fjárframlög miðað við þreyttar einingar, sbr. reglugerð nr. 646/1999, til að standa straum af kostnaði við nám til BS prófs í viðskiptafræði samhliða starfi, eins og námið er skipulagt núna, þá er vandséð að sú viðbótarfjárveiting myndi nægja fyrir kostnaði. Námið fer fram utan hefðbundins skóla- og vinnutíma og fjöldi nemenda er að jafnaði minni en í reglubundnu námi.

Með frumvarpinu er nemendum sem hafa í hyggju að stunda nám í viðskiptafræði með vinnu beint frá opinberum háskólum til háskóla sem falla utan gildissviðs laga um opinbera háskóla. Þessir háskólar hafa heimild til að innheimta skólagjöld til viðbótar við fjárframlög ríkissjóðs. Ekki verður annað séð en BSV nám við Háskóla Íslands verði lagt niður verði frumvarpið að lögum. Kostnaður ríkisins mun væntanlega aukast ef frumvarpið verður að lögum þar sem gera má ráð fyrir að einhverjir nemenda muni sækja sambærilegt nám í einkaháskólum sem njóta framlaga frá ríkissjóði. Ef til þessa kemur verður að gera háskólanum kleift að gefa þessum nemendum færi á að ljúka námi sínu.

Um 12. gr. Fjármögnun.

Tillögu að breytingu á 24. gr. laganna felur í sér þrengingu á gjaldtökuheimildum vegna endurmenntunar þannig að háskólanum verður einungis heimilt að bjóða endurmenntun gegn gjaldi fyrir þá sem lokið hafa háskólaprófi, en ekki fyrir nám á grunnstigi. Sjá umfjöllun um 11. gr. hér að framan.

Háskólinn óskar eftir því við Alþingi að nýrri gjaldtökuheimild verði bætt við 24. gr. sem verði nýr a. liður greinarinnar. Hinir stafliðir breytast til samræmis. Hinn nýi a. liður 24. gr. orðist svo: “umsóknargjaldi, allt að kr. 5.000, sem umsækjendur um skólavist greiða er þeir leggja inn umsókn. Umsóknargjaldið er óendurkræft og skal standa undir kostnaði við umfjöllun og afgreiðslu umsóknar.”

Jafnframt yrði þá gerð breyting á a. lið 24. gr. (sem yrði b. liður) til samræmis: á eftir orðunum „... sem ekki telst til...” (og á undan „...kostnaður við kennslu og rannsóknastarfsemi,“) í lok b. liðar kæmi „... kostnaðar vegna umfjöllunar og afgreiðslu umsóknar sbr. a. lið eða ...“.

Skýring: Um tillögu þessa efnis var fjallað í háskólaráði 6. maí sl. er til meðferðar voru tillögur um aðgerðir til að draga úr brottfalli, auka námsástundun nemenda og efla gæði náms og kennslu. Tillagan um umsóknargjaldið var send fjármálanefnd háskólaráðs til umsagnar og fjallaði fjármálanefndin um hana 17. maí sl. Leggur nefndin til að tillagan verði samþykkt og að gjaldið verði allt að kr. 5.000. Útreikningar benda til að kostnaður við hverja umsókn í Háskóla Íslands nemi nú um kr. 5.000 miðað við rúmlega 4.000 umsóknir á ári.


Um yrði að ræða óendurkræft gjald til að standa undir hluta kostnaðar við umfjöllun og afgreiðslu umsókna, öðrum en þeim kostnaði sem felldur yrði undir skrásetningargjaldið. Rökin eru þau annars vegar að umsækjendum sé ljóst að alvara og ábyrgð fylgi því að sækja um nám – og hins vegar að mikil vinna felst í því að fara yfir og meta umsóknargögn, ekki einungis vegna meistara- og doktorsnáms, heldur einnig vegna umsókna í grunnám – og mun sú umsýsla fara vaxandi á næstu árum. Hluti þeirra sem sækja um nám fá ekki skólavist eða koma ekki til náms og greiða þar af leiðandi ekki skrásetningargjald. Með nýjum lögum um framhaldsskóla og miklu frelsi þeirra hvers um sig að móta námsskrár til stúdentsprófs mun vinna við yfirferð og mat umsókna í grunnám aukast til mikilla muna á næstu árum.

Ekki eru gerðar athugasemdir við 13. og 14. gr. frumvarpsins.

Um ákvæði til bráðabirgða

Engar athugasemdir.

Virðingarfyllst



Kristín Ingólfssdóttir
rektor

*Alþingi
Erindi nr. P 132/2658
komudagur 2.6.2010*

Til Menntamálanefndar

Austurstræti 8-10

150. REYKJAVÍK

Reykjavík, 1. júní 2010

Varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum opinbera háskóla nr. 85/2008

^{579.}
Þingskjal 970 -570: mál

Fyrir tveimur árum byrjaði viðskiptafræðideild Háskóla Íslands að bjóða uppá BSc og diplómanám í viðskiptafræði samhliða vinnu, hér eftir nefnt BSV. Í dag eru um eitthundrað nemendur úr öllum krókum atvinnulífsins sem leggja stund á námið og er meðalaldur nemenda um 39 ár og töluvert af fjölskyldufólki þar á meðal. Hluti nemenda er með bakgrunn frá Endurmenntun HÍ en aðrir stunda námið frá grunni. Eins eru nemendur í BSV námi sem hafa lokið annarri háskólagráðu, en leggja þó stund á viðskiptafræði í grunnnámi. Margir hverjir hafa beðið lengi eftir þessum valkosti, og sáu tækifæri þar sem nám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands hefur gott orðspor og er þekkt fyrir gæði. Það má kannski segja að HÍ sé stofnun sem hafi það hlutverk að mennta fólk fyrir atvinnulífið og samfélagið í heild. BSV námið er sérstaklega sniðið að þörfum þeirra sem vilja leggja stund á háskólanám með vinnu meðal annars vegna þess að:

- Álaginu er dreift jafnar yfir misserið, í stað þess að vera í lokaprófi í öllum greinum í lok misseris er hvert námskeið klárað á fimm vikum áður en næsta byrjar.
- Nemendur geta sinnt vinnu þar sem fyrirlestrar eru utan venjulegs skrifstofutíma og þannig geta flestir unnið eðlilega vinnu og haldið tekjum og þannig séð fjölskyldum sínum farboða, ásamt því að stunda nám við virtustu menntastofnun á Íslandi.
- Flestir nemendur í BSV eru með mikla reynslu af atvinnumarkaðinum. Ef þessi möguleiki verður ekki til staðar áfram þá er hætt við að ákveðinn hópur fólks fari ekki til náms í framtíðinni.
- Það er mikilvægt að stuðla að því að möguleikar allra til náms séu óskertir, bæði í endurmenntun og í dagsskóla. Þannig geta sem flestir haft möguleika á að auka hæfi sitt á vinnumarkaðnum, óháð aldri og fyrri menntun.

Boðað var til fundar með nemendum í BSV náminu. Þar sem kom fram að HÍ sér ekki fram á að geta boðið BSV námið í óbreyttri mynd verði þetta frumvarpið óbreytt að lögum. Okkur langar til að vitna í umsögn Háskóla Íslands sem nefndin hefur undir höndum, varðandi efnislega gagnrýni á frumvarpið. Það virðist þó liggja ljóst fyrir að grundvöllinum verði kippt undan þessari námsleið hjá HÍ, þar sem ekki verður áframhaldandi möguleiki á því að bjóða upp á lengri námsbrautir sem enda með BSc- eða BA-gráðu fyrir utan hefðbundin dagsskóla. Það snýr einkum að þeirri grein frumvarpsins sem fjallar um heimild HÍ til fjármögnunar vegna námsins.

Með frumvarpinu um breytingu á lögum opinberra háskóla nr. 85/2008 sem nú liggur fyrir Alþingi sjáum við ekki annað en að framtíðaráform okkar sem stundum þetta nám séu í lausu lofti og ríkir óvissa um stöðu okkar og rétt. Með því virðist eiga að gera markmið og hlutverk opinberra háskóla skýrari og m.a. lagt til að hugtakið endurmenntun og heimildir opinberra háskóla til gjaldtöku vegna hennar verði skýrari. Jafnframt er tilgreint að ef frumvarpið verði óbreytt að lögum þá hafi það ekki í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Við teljum einnig að með þeim breytingum sem fram koma í 3. og 11. grein frumvarpsins sé verið að skilgreina endurmenntun með afar þröngum hætti þar sem ekki verða sömu möguleikar á að bjóða upp á grunnám sem líkur með BA- eða BSc-gráðu í þeim fræðum sem stunduð eru innan hans fyrir utan hið almenna dagsskólaform.

Þessar breytingar á lögnum virðist að okkar mati beinlínis ósanngjörn, þar sem ákveðinn hópur hefur ekki möguleika á að stunda nám við skólann á annan hátt. Það er ekki boðið upp á þetta nám með þessum sama hætti, er varðar bæði lotu- og bekkjarkerfi með ástundun og tímasókn í öðrum skólum. Námið þróaðist á þann hátt að margir af þeim sem stunduðu nám á styttri námsleiðum í endurmenntun, óskuðu eftir möguleikanum á að stunda áframhaldandi lengra nám, þar sem hægt var að byggja á grunni þess sem þau lærðu á þeim námsleiðum og lyki með fyrstu háskólagráðu. Þessir nemendur hafa þó ekki möguleika á að fara í hefðbundinn dagsskóla og sumum hugnast jafnvel ekki sá möguleiki. Það eru ýmsar ástæður fyrir því að nemendur vilja heldur stunda námið fyrir utan dagsskóla, t.d. má nefna þroskastig nemenda og þarfir þeirra og fjölskyldna þeirra um laun á meðan á námi stendur. Eins eru nemendur í BSV námi sem hafa lokið annarri háskólagráðu en viðskiptafræði, sem leggja stund á námið í grunnnámi. Það virðist því vera ákveðin þversögn við skilgreininguna um endurmenntun/símenntun. Með frumvarpinu verður þetta ekki valkostur fyrir þá aðila heldur.

Við teljum að með þessu frumvarpi verði samkeppnisaðstaða HÍ skert, þar sem aðrir skólar m.a. HR, Bifröst, Háskólinn á Akureyri geta boðið upp á nám í viðskiptafræði og fengið fjárframlög frá ríkinu. HÍ hefur eftir því við best vitum ekki fengið þá fjárveitingu fyrir BSV nemendur með sama hætti og sitjum við að þeim sökum ekki við sama borð og aðrir. Með vali okkar á HÍ höfum við valið okkur BSV nám hjá HÍ fram yfir aðra skóla og séð tækifæri í þeirri menntun. Nemendur sem stunda BSV nám hafa verið sáttir við að greiða fyrir námið, þar sem kostir þess að stunda námið á þennan hátt eru meiri en það að geta ekki stundað námið og fengið að launum okkar fyrstu háskólagráðu. Jafnvel þó sett verði inn bráðabirgðaákvæði sem gefur okkur kost á að halda náminu áfram, þá eru líkur á því að við hugsanlega fækkun nemenda, að námið færist í skötulíki í náninni framtíð. Þetta getur orðið þar sem eðlileg nýliðun í náminu mun ekki geta átt sér stað. Nemendur í BSV námi hafa í raun ekki kost á að flytja sig yfir í aðra skóla, þar sem námið er ekki sambærilegt, eins eru áfangarnir ekki metnir eins á milli skóla í þeim áföngum sem lokið hefur verið.

Okkur finnst mikilvægt að þessi möguleiki verði áfram í boði í framtíðinni fyrir þá nemendur sem vilja nýta sér þennan möguleika að fara í nám hjá Háskóla Íslands, fyrir utan venjulegan dagsskóla. Einn af máttarstólpum þessarar námsleiðar er einmitt möguleikinn fyrir hóp fólks með reynslu úr atvinnulífinu að ná sér í góða og haldbæra menntun til framtíðar. Við höfum mörg hver tekið styttri námsleiðir hjá Endurmenntun og fleiri menntastofnunum en viljum sjá þann möguleika að við höfum kost á því að geta sótt nám hjá HÍ sem veitir okkur fyrstu háskólagráðu.

Við höfum þá bjargföstu trú að Menntamálanefnd skoði málið með opnum huga og endurskoði málið.

Við óskum eftir að fá svar og skýringar áður en frumvarp verður samþykkt.

**Með virðingu og vinsemd,
Fh. nemenda við BSV**




Sveinn Atli Gunnarsson

Skriðustekk 4

109 Reykjavík

Sími: 861 4359

Netfang: sag21@hi.is



Laufey Nabye

Sólarsölum 1

201. Kópavogur

Sími: 564 4663 gsm: 694 4663

Netfang: lan1@hi.is

Afrit af bréfi:

Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra
Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands
Eiríkur Hilmarsson, fortöðumaður viðskiptafræðistofnunar

Hjálagt:

Upplýsingabæklingur um viðskiptafræði samhliða starfi

Til Menntamálanefndar Alþingis.

Oddný Harðardóttir, formaður.

Reykjavík, 4. maí, 2010

579. mál

Ég á sæti í Háskólaráði Háskóla Íslands. Í byrjun apríl fékk ráðið frumvarp um breytingar á lögum nr. 85/2008, um opinbera háskóla (almenningsfræðsla) til kynningar. Mig langar að koma á framfæri nokkrum athugasemdum sem ég hef við frumvarpið og vona að þær verði teknar til greina. Athugasemdir mínar varða fyrst og fremst hlutverk háskóla, en í frumvarpinu er lagt til að hlutverk opinberra háskóla á Íslandi verði annað en hlutverk opinberra háskóla í nágrannalöndunum. Einnig hef ég nokkrar aðrar athugasemdir.

HLUTVERK HÁSKÓLA

Í núgildandi lögum um opinbera háskóla (nr. 85/2008) stendur um hlutverk háskóla (3. grein):

„Háskóli sinnir kennslu, rannsóknum, þekkingarleit og sköpun á sviði vísinda, fræða, tækniþróunar eða lista. Menntun, sem háskólar veita, tekur mið af þörfum samfélagsins og getur verið fræðilegs eðlis og starfsmiðuð. Háskóli er miðstöð þekkingar og hluti af alþjóðlegu mennta- og vísindasamfélagi. Háskóla er heimilt að veita endurmenntun í þeim fræðum sem stunduð eru innan hans.

Menntamálaráðherra er heimilt að fela einstökum háskólum að sinna kennslu eða rannsóknum á ákveðnum afmörkuðum sviðum, ótímabundið eða til ákveðins tíma.“

Um þessa grein hefur verið sátt og ekki er ljóst af hverju tillaga er gerð um að breyta henni. Breytingin felst í því að lagt er til að opinberir háskólar „miðli fræðslu til almennings og veiti samfélaginu þjónustu í krafti þekkingarsinnar“.

ÞJÓNUSTA

Um heim allan er hlutverk háskóla að stunda rannsóknir og kennslu. Þjóðir sem vilja teljast háþróaðar leggja áherslu á að þessi hlutverk háskóla skuli vera af miklum gæðum á alþjóðlegum mælikvarða. Ljóst ætti að vera að önnur hlutverk sem lögð eru á herðar háskólum hljóta að dreifa kröftum starfsmanna og rýra tækifæri þeirra til að stunda vandað háskólastarf.

Nágrannarþjóðir okkar leggja einmitt áherslu á að hlutverk háskóla séu rannsóknir og kennsla, auk listsköpunar þar sem það á við, sbr. útklipptir textar úr háskólalögum Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar aftast í þessu bréfi. Í háskólalögum þessarar þjóða er sagt að háskólar skuli miðla þekkingu, sem verður til innan þeirra, út í samfélagið. Hvergi er minnst á að háskólar skuli veita samfélaginu þjónustu eða fræðslu.

Þjónusta er starfsemi sem venjulega er unnin í verktöku með það að markmiði að leysa viðfangsefni í þágu verkkaupa og á forsendum hans. Slík verkefni ræna háskólamenn rannsóknafrelsinu sem einkennir gott háskólastarf. Því á þjónustustarfsemi ekki heima í háskólum.

Í nýútkominnin rannsóknaskýrslu Alþingis er heill kafli helgaður háskólasamfélaginu (8. bindi, kafli III.3, bls. 211). Þar er varað við hættum sem tengjast hagsmunaárekstrum sem geta leitt háskólastarfsmenn frá því að þjóna hugsjónum fræðastarfsins. Þjónusta við samfélagið er einmitt starfsemi af því tagi sem eykur mjög hættu á hagsmunaárekstrum, hvort sem þjónustukaupinn er fyrirtæki, stofnun, eða hið opinbera. Tillagan um að opinberir háskólar þjónusti samfélagið er þannig í mótsögn við kröfuna um að háskólar eigi að vera gagnrýnið afl.

Á undanförnum árum hefur með réttu verið deilt á hóp háskólastarfsmanna sem hefur stundað þjónustu við samfélagið í vinnutíma sínum gegn greiðslu. Sú starfsemi hefur verið af ýmsu tagi. Augljóst er að slíkir starfsmenn geta ekki á sama tíma unnið að þekkingarsköpun eða kennslu eins og þeim er ætlað, auk þess sem það samrýmist illa hinu gagnrýna hlutverki sem skólunum er ætlað að hafa og er jafnvel brot á samkeppnislögum. Mér fyndist mikil afturför ef háskólum yrði lögð á herðar sú skylda skv. lögum að veita þjónustu og veit af reynslu undanfarinna ára að þjónustustarfsemi innan háskóla rýrir mjög gæði háskólastarfs. Sá tími er liðinn þegar háskólar voru einu staðirnir sem hægt var að sækja sérfræðiþekkingu, nú finnst hún mjög víða í íslensku samfélagi eða er aðgengileg erlendis.

FRÆÐSLA

Fræðsla til almennings er hlutverk ríkisútvarpsins. Ekki er eðlilegt að það sé skylda háskólastarfsmanna að fræða almenning. Viðeigandi er að háskólastarfsmenn leitist við að veita sérþekkingu, sem þeir hafa aflað með rannsóknum, út í samfélagið á hvern þann hátt sem mögulegt er. En fræðsla, umfram þá sem felst í kennslustarfi þeirra, ætti ekki að vera innan starfsskyldnanna. Fræðsla um vísindi og fræði til almennings ætti hins vegar að fá meira rými í fjölmiðlum. Ég er sannfærð um að margir háskólakennarar væru tilbúnir að taka þátt í slíkri fræðslu þótt það sé ekki hlutverk stofnunarinnar sem þeir starfa hjá. Nýleg dæmi eru um þetta í tengslum við gosvirknina á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli, og vísa ég þar einkum til vandaðrar fræðslu jarðvísindamanna Háskóla Íslands í öllum fjölmiðlum.

UM AÐKOMU STÚDENTA AÐ STJÓRNSÝSLU HÁSKÓLA.

Stúdentar hafa í u.þ.b. 40 ár haft aðkomu að stjórnarsýslu háskóla á Íslandi. Þeir hafa málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisþunga á við fulltrúa akademískra starfsmanna og fulltrúa sem valdir eru til stjórnar skólanna á annan hátt. Þessi breyting varð í kjölfar frjálsræðisbylgju sem gekk yfir heiminn á 7. og 8. áratug síðustu aldar. En nú, þegar leitast er við að auka fagmennsku í stjórnnum og byggja ákvarðanatöku á þekkingu og reynslu, hljóta menn að efast um að þetta fyrirkomulag sé viðeigandi.

Stúdentar eru venjulega á aldrinum 20-25 ára, og hafa enga reynslu af háskólakennslu eða rannsóknum, eða stjórnun stofnana eða fyrirtækja, efnahagsreikningum, starfsmannamálum, kjarasamningum eða öðru sem að gagni kynni að koma við stjórnun háskólastofnunar. Þeir hafa því enga þekkingu á kjarnastarfsemi háskóla eða stýringu hennar. Hins vegar mega þeir teljast meðal mikilvægustu „notenda“ starfseminnar, og eru því í stöðu til að flytja afar mikilvæg skilaboð til stjórnarsýslunnar og standa vörð um hluta starfsemi skólanna og geta þannig stuðlað að bættri kennslu við skólann og bættum aðbúnaði fyrir stúdentana.

Í ljósi þessa vil ég gera þá tillögu að stúdentar hafi aðeins tillögurétt og málfrelsi, en ekki atkvæðisrétt, í háskólaráðum, á háskólafundum og á öðrum stjórnáslusamkomum sem áhrif hafa á stefnumörkun og rekstur háskóla.

SKIPTING HÁSKÓLASTIGSINS Í HÁSKÓLA (UNIVERSITET) OG FAGSKÓLA (HÖJSKOLE, COLLEGE)

Vert er að vekja athygli á því að í Danmörku, Noregi og Svíþjóð eru reknar tvær gerðir af háskólum, annars vegar stofnanir þar sem rannsóknir eru meginhlutverk, og hins vegar stofnanir þar sem kennsla er meginhlutverk. Þetta kemur fram í lagatextunum hér aftast. Slík skipting finnst einnig í Bretlandi og Bandaríkjunum.

Slíku fyrirkomulag væri viðeigandi að koma á hér á landi um leið og háskólum verður fækkað eða hlutverki háskólastofnana breytt. Það myndi styrkja rannsóknaskóla um leið og fagmenntun myndi verða betur skilgreind og fá aukna athygli.

Virðingarfyllt,

Sigríður Ólafsdóttir, lífefnafræðingur

Frostaskjóli 89, 107 Reykjavík

s. 698 4795

sigridur@solradgjof.is

Danmörk - Universitetsloven

http://www.staff.hum.ku.dk/hp/dm/Uniform/Lov_om_universiteter.htm

Kapitel 1- Lovens anvendelsesområde

§ 1. Loven gælder for universiteter under Ministeriet for Videnskab, Teknologi og Udvikling.

Stk. 2. Universiteter er selvejende institutioner inden for den offentlige forvaltning under tilsyn af ministeren for videnskab, teknologi og udvikling

Formål

§ 2. Universitetet har til opgave at drive forskning og give forskningsbaseret uddannelse indtil højeste internationale niveau inden for sine fagområder. Universitetet skal sikre et ligeværdigt samspil mellem forskning og uddannelse, foretage en løbende strategisk udvælgelse, prioritering og udvikling af sine forsknings- og uddannelsesmæssige fagområder og udbrede kendskab til videnskabens metoder og resultater.

Stk. 2. Universitetet har forskningsfrihed og skal værne om denne og om videnskabsetik.

Stk. 3. Universitetet skal samarbejde med det omgivende samfund og bidrage til udvikling af det internationale samarbejde. Universitetets forsknings- og uddannelsesresultater skal bidrage til at fremme vækst, velfærd og udvikling i samfundet. Universitetet skal som central viden- og kulturbærende institution udveksle viden og kompetencer med det omgivende samfund og tilskynde medarbejderne til at deltage i den offentlige debat.

Stk. 4. Universitetet skal medvirke til at sikre, at den nyeste viden inden for relevante fagområder gøres tilgængelig for videregående uddannelse uden forskning.

Noregur - Lov om universiteter og høyskoler (universitets- og høyskoleloven).

<http://www.lovdatab.no/all/hl-20050401-015.html#map001>

Lovens tittel endret ved lov 12 des 2008 nr. 105 (i kraft 1 jan 2009 iflg. res. 12 des 2008 nr. 1340). - Jfr. tidligere lov 12 mai 1995 nr. 22 om universiteter og høyskoler, lov 11 juii 1986 nr. 53 om private høyskoler.

Del I. Fellesbestemmelser

Kapittel 1. Lovens formål og virkeområde

§ 1-1. Lovens formål

Denne lov har som formål å legge til rette for at universiteter og høyskoler

- a) tilbyr høyere utdanning på høyt internasjonalt nivå.
- b) utfører forskning og faglig og kunstnerisk utviklingsarbeid på høyt internasjonalt nivå.
- c) formidler kunnskap om virksomheten og utbrer forståelse for prinsippet om faglig frihet og anvendelse av vitenskapelige og kunstneriske metoder og resultater, både i undervisningen av studenter, i egen virksomhet for øvrig og i offentlig forvaltning, kulturliv og næringsliv.

Endret ved lov 14 des 2007 nr. 117 (i kraft 1 jan 2008 ifig. res. 14 des 2007 nr. 1440).

§ 1-2. Lovens virkeområde - universiteter og høyskoler

(1) Loven gjelder for universiteter og høyskoler som gir utdanningstilbud akkreditert etter denne lov eller som har oppnådd akkreditering, jf. § 3-1, som

- a) universitet,
- b) vitenskapelig høyskole eller
- c) høyskole.

(2) Hvilken kategori den enkelte institusjon tilhører avgjøres av Kongen på grunnlag av en faglig vurdering fra Nasjonalt organ for kvalitet i utdanningen (NOKUT).

(3) Kongen kan på grunnlag av en faglig vurdering fra NOKUT bestemme at enkelte av lovens regler skal gjelde tilsvarende for andre institusjoner.

(4) Departementet kan, etter innstilling fra styret, vedta at det kan gjøres avvik fra loven og forskriftene til loven i forbindelse med tidsavgrensede pedagogiske eller organisatoriske forsøk.

(5) Loven gjelder for universiteter og høyskoler med virksomhet i riket. Loven gjelder for Svalbard og Jan Mayen for så vidt ikke annet fastsettes av Kongen. Kongen kan fastsette særlige regler under hensyn til de stedlige forhold.

- (6) Loven gjelder ikke for virksomhet som utføres utenfor riket. Kongen kan bestemme at slik virksomhet likevel skal omfattes helt eller delvis av lovens bestemmelser.
- (7) Etter avtale med fremmed stat eller internasjonal organisasjon kan lovens virkeområde utvides eller innskrenkes på avgrensede saksområder.

§ 1-3. *Institusjonenes virksomhet*

Universiteter og høyskoler skal arbeide for å fremme lovens formål ved å:

- a) tilby høyere utdanning som er basert på det fremste innen forskning, faglig og kunstnerisk utviklingsarbeid og erfaringskunnskap.
- b) utføre forskning og faglig og kunstnerisk utviklingsarbeid.
- c) forvalte tilførte ressurser effektivt og aktivt søke tilføring av eksterne ressurser.
- d) bidra til å spre og formidle resultater fra forskning og faglig og kunstnerisk utviklingsarbeid.
- e) bidra til innovasjon og verdiskapning basert på resultater fra forskning og faglig og kunstnerisk utviklingsarbeid.
- f) legge til rette for at institusjonens ansatte og studenter kan delta i samfunnsdebatten.
- g) bidra til at norsk høyere utdanning og forskning følger den internasjonale forskningsfronten og utviklingen av høyere utdanningstilbud.
- h) samarbeide med andre universiteter og høyskoler og tilsvarende institusjoner i andre land, lokalt og regionalt samfunns- og arbeidsliv, offentlig forvaltning og internasjonale organisasjoner.
- i) tilby etter- og videreutdanning innenfor institusjonens virkeområde.

Svíþjóð - Högskolelag (1992:1434)

<http://www.notisum.se/rnp/sls/lag/19921434.htm>

1 kap. Inledande bestämmelser

1 § I denna lag ges bestämmelser om universitet och högskolor under statligt, kommunalt eller landstingskommunalt huvudmannaskap.

Vad som i fortsättningen sägs om högskolor avser både universitet och högskolor, om inte något annat anges särskilt.

2 § Staten ska som huvudman anordna högskolor för

- 1. utbildning som vilar på vetenskaplig eller konstnärlig grund samt på beprövad erfarenhet, och**
- 2. forskning och konstnärligt utvecklingsarbete samt annat utvecklingsarbete.**

I högskolornas uppgift ska ingå att samverka med det omgivande samhället och informera om sin verksamhet samt verka för att forskningsresultat tillkomna vid högskolan kommer till nytta. Lag (2009:45).

3 § Verksamheten skall bedrivas så att det finns ett nära samband mellan forskning och utbildning.

3 a § I högskolornas verksamhet skall vetenskapens trovärdighet och god forskningssed värnas. Lag (2000:1370).

4 § Verksamheten skall avpassas så att en hög kvalitet nås, såväl i utbildningen som i forskningen och det konstnärliga utvecklingsarbetet.

De tillgängliga resurserna skall utnyttjas effektivt för att hålla en hög kvalitet i verksamheten.

Kvalitetsarbetet är en gemensam angelägenhet för högskolornas personal och studenterna. Lag (2000:260).

